


Norræna ráðherranefndin

# Verkefna- og fjárhagsáætlun 2008 – samantekt





## Efnisyfirlit

- 3 **Verkefna- og fjárhagasáætlun 2008**
- 4 Sumarfundur forsætisráðherranna í Punkaharju
- 6 Fjármögnun viðbragða vegna hnattvæðingar
- 6 Megináherslur fjárlaganna fyrir árið 2008
- 7 Samráð við Norðurlandaráð
- 8 Heildarrammi fjárlaganna
- 9 Efnahagslegt og pólitískt svigrúm í fjárlögum Norrænu ráðherrernefndarinnar
- 12 Endurnýjun fjárlagaferlis
- 13 **Yfirlit yfir alla fjárlagaliði**
- 20 Fjárveitingar til norrænna stofnana í gjaldmiðli hvers lands
- 21 **Þróun fjárlaga og lausafjárstöðu Norrænu ráðherrernefndarinnar**
- 21 Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 2002-2006
- 22 Þróun fjárlaganna á tímabilinu 1998–2008
- 23 Þróun lausafjárstöðu
- 24 Fylgiskjal 1

**Norræna ráðherranefndin**

**Verkefna- og fjárhagsáætlun 2008 – Samantekt**

ANP 2007:752

© Norræna ráðherranefndin, Kaupmannahöfn 2007

ISBN 978-92-893-1587-6

Prentun: Scanprint a/s, Árósum, 2007

Kápa: Par No. 1

Umbrot: Par No. 1

Fjöldi eintaka: 400

Prentað á umhverfisvænan pappír sem uppfyllir norrænar kröfur til umhverfismerkinga.

Ritið er hægt að panta á [www.norden.org/order](http://www.norden.org/order)

Fleiri rit er að finna á [www.norden.org/publikationer](http://www.norden.org/publikationer)



Printed in Denmark

**Norræna ráðherranefndin**

Store Strandstræde 18

DK-1255 København K

Sími (+45) 33 96 02 00

Fax (+45) 33 96 02 00

**Norðurlandaráð**

Store Strandstræde 18

DK-1255 København K

Sími (+45) 33 96 04 00

Fax (+45) 33 11 17 70


**[www.norden.org](http://www.norden.org)**

**Norrænt samstarf**

Norrænt samstarf er eitt elsta og víðamesta svæðasamstarf í heimi. Samstarfsaðilar eru Danir, Finnar, Íslendingar, Norðmenn og Svíar auk sjálfstjórnarsvæðanna á Álandseyjum, í Færeyjum og á Grænlandi.

Pólítískt, efnahagslegt og menningarlegt samstarf Norðurlandapjóðanna gegnir mikilvægu hlutverki í samstarfi í Evrópu og úti um allan heim. Norrænt samstarf stuðlar að sterkri stöðu Norðurlandanna í öflugri Evrópu.

Samstarfinu er ætlað að standa vörð um norræna hagsmuni og gildismat í hnattvæddum heimi. Svipað gildismat þjóðanna á sinn þátt í að efla nýsköpun og samkeppnishæfni Norðurlandanna.



## Verkefna- og fjárhagsáætlun 2008

Hér fer á eftir útdráttur úr fjárlögum Norrænu ráðherra-nefndarinnar fyrir árið 2008. Fjárlögin í heild sinni má nálgast á heimasíðu ráðherranefndarinnar: [www.norden.org](http://www.norden.org).

Eftir sumarfund norrænu forsætisráðherranna 2007 sem haldinn var í Punkaharju í Finnlandi er hnattvæðingin komin ofarlega á dagskrá Norðurlanda. Til að fylgja eftir óskum og markmiðum forsætisráðherranna eru á fjárlögum fyrir árið 2008 60 millj. DKK til ráðstöfunar fyrir samstarfsráðherrana. Leitað verður samráðs hjá fagráðherranefndunum um verkefni. Forsætisráðherrarnir leggja áherslu á að náð samstarf verði með fagráðherranefndunum svo sameiginleg þekking þeirra nýtist sem best.


Hnattvæðingin setur á margan hátt Norrænu ráðherra-nefndinni nýja dagskrá og á komandi árum mun málefnum tengdum henni veittur forgangur á vettvangi norræns samstarfs. Til að fjármagna samnorræn viðbrögð við hnattvæðingu mun heildarrámi fjárlaga fyrir árið 2008 aukinn sem nemur 35 millj. DKK og er þessi hækkun einungis til eins árs. Áframhaldandi fjármögnun viðbragða við hnattvæðingu er viðamikil verkefni sem bíður úrlausnar. Á fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2009 mun það gert með breytingum á forgangsröðun innan fjárlagarammans.

Samstarf við nágrannalöndin í Norður-Evrópu og við Eystrasaltið er annar mikilvægur þáttur norræns samstarfs. Það starf, ásamt verkefnum tengdum viðbrögðum við hnattvæðingunni er þau tvö megin alþjóðlegu þemu, sem norrænt samstarf mun snúast um á árinu 2008.

Undanfarin ár hefur hnattvæðingin haft áhrif á norræn fjárlög. Í fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar fyrir árið 2008 er lögð enn frekari áhersla á verkefni og tækifæri sem tengjast hnattvæðingunni, og með samstarfi um norræn gildi og áherslu á styrkleika Norðurlanda mun ráðherranefndin vinna að því að efla samkeppnishæfni og aðdráttarafl Norðurlanda.

Kaupmannahöfn, 23. nóvember 2007

Halldór Ásgrímsson  
Framkvæmdastjóri



## Sumarfundur forsætisráðherranna í Punkaharju

Ákvarðanir forsætisráðherranna á sumarfundinum í Punkaharju hafa haft veruleg áhrif á fjárlög Norrænu ráðherra-nefndarinnar fyrir árið 2008. Þema fundarins í Punkaharju var aukin hnattvæðing og áskoranir þær sem fylgja henni, ekki síst fyrir fámennar þjóðir eins og Norðurlandþjóðir. Mörg þeirra verkefna sem fylgja í kjölfar hnattvæðingarinnar eru þess eðlis að erfitt getur reynt hverju landi fyrir sig að takast á við þau. Þau kalla því á að lönd og svæði samræmi aðgerðir sínar. Margt er líkt með norrænu löndunum og því er eðlilegt að þau leiti sameiginlegra lausna.

Forsætisráðherrarnir ákváðu að á norrænu fjárlögum skyldu 60 millj. DKK ætlaðar til viðbragða við hnattvæðingunni. Upphæðin skiptist með þeim hætti að 4 millj. DKK (verðlag ársins 2007) eru ætlaðar til sérstaks þings um viðbrögð við hnattvæðingu og 56 millj. DKK (verðlag ársins 2007) til annarra verkefna.

Samnorrænum viðbrögðum við hnattvæðingu hafa verið valin eftirfarandi þemu:

- Norrænt þekkingarþjóðfélag
- Sýnilegri Norðurlönd
- Velmegun á Norðurlöndum

Þegar tekin er ákvörðun um hvaða verkefni skuli styrkt undir þessum þremur þemum skal meðal annarra þátta hafa hliðsjón af forgangsriðun formennskuáætlana landanna. Forsætisráðherrarnir hafa sett skilyrði um þverfaglega samræmingu.

Hafin er vinna að ákveðnum verkefnum sem byggja á yfirlýsingu forsætisráðherranna. Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim verkefnum sem voru tímasett ásamt fjármögnun þeirra. Yfirlýsing forsætisráðherranna felur einnig í sér önnur verkefni sem ekki eru tímasett. Enn er verið að þróa þau

verkefni. Megináherslur verkefnanna eru eftirtaldar; þróun norrænna rannsókna og nýsköpunar, NORIA, menntun, kynning á ímynd Norðurlanda, þar með talið á skapandi iðnaðargreinum, Bandaríkjamarkaður og að kynna ný norræn matvæli, samræming norræns raforkumarkaðar og afleiðingar loftslagsbreytinga.<sup>1</sup>

### Þema: Norrænt þekkingarþjóðfélag

*Norrænar afburðarannsóknir.* Til að tryggja öflugt norrænt þekkingar- og nýsköpunarsamstarf á evrópskum vettvangi verður hrint í framkvæmd sérstöku verkefni. Fyrstu skref í því ferli eru að semja drög að áætlun sem verður lögð fyrir sumarfund forsætisráðherranna árið 2008. Þar skulu koma fram faglegar áherslur og aðferðir ásamt lýsingu á fjármögnun með norrænu fjármagni og fjármagni frá löndunum sem og fjármagni frá atvinnulífnum. Í þessu verkefni verður megináhersla lögð á þau meginþemu sem forsætisráðherrarnir hafa lagt til. Þ.e., 1. Loftslags-, orku- og umhverfismál og 2. Heilbrigðis- og velferðarmál. Á fyrra sviðinu hefjast aðgerðir strax, en á hinu sviðinu hefjast þær síðar. Inntak áætlunarinnar og fjármögnun verður tengd norrænu rannsóknar- og nýsköpunarumhverfi í nánu samstarfi við atvinnulífið eftir því sem við á, með sérstakri áherslu á afburðarannsóknir, sem munu geta skapað grundvöll nýsköpunar.

*Nýsköpunarmiðstöðvar í Asíu:* Um nokkurt skeið hafa Norðurlöndin í nokkrum mæli unnið að því að koma á fót samstarfi og nýsköpunarmiðstöðvum í tengslum við vísindamiðstöðvar í fararbroddi víðs vegar um heiminn. Með samræmdum aðgerðum má vænta verulegra samlegðaráhrifa. Samstarfsráðherrar Norðurlanda hafa ákveðið að setja á fót starfshóp þar sem eiga sæti fulltrúar þeirra stjórnvalda landanna sem hafa verkefni af svipuðum toga með höndum. Til fulltingis starfshópnum verður sérfræðingahópur en honum tengjast fulltrúar hagsmunaaðila

1 Nánari upplýsingar um þessi verkefni má finna á [www.norden.org/session/2007/sk/](http://www.norden.org/session/2007/sk/), undir liðnum „program og dagsorden“ á listanum.

þeirra sem að verkefninu koma (InvestIN, útflutningsráð, nýsköpunarstofnanir, atvinnuráðuneyti og embættisnefndir Norrænu ráðherranefndarinnar eftir því sem við á). Starfshópurinn semur enn fremur tillögu um stofnun einnar eða fleiri nýsköpunarmiðstöðvar í samræmi við úttekt á þörfum og óskum. Þessi tillaga verður lögð fyrir norrænu forsætisráðherrana á sumarfundi þeirra árið 2008.

*Norræn nýsköpunarverðlaun með áherslu á norræn gæði:* Lögð skal fyrir Norðurlandaráð tillaga um stofnun nýsköpunarverðlauna með áherslu á norræn gæði. Tilgangur verðlaunanna er að vera þáttur í að markaðssetja Norðurlönd sem nýsköpunarsvæði og kynna norræn gildi utan Norðurlanda. Tryggja verður skýra ímynd og gæði. Verðlaunin verða veitt á hverju ári, í fyrsta skipti árið 2009. Settur verður á fót starfshópur til að undirbúa verðlaunin og skal hann hafa samráð við Norðurlandaráð.

#### **Þema: Sýnilegri Norðurlönd**

*Sameiginleg norræn kynning á orkumálum (EnergiExpo):* Til að marka ímynd Norðurlanda sem svæði í fararbroddi og leggja áherslu á öflugt rannsóknarumhverfi og útflutnings-tækifæri þau sem eru fyrir hendi á Norðurlöndum, verður staðið fyrir norrænni kynningu á sviði orkumála (EnergiExpo). Þar skal kynna nýja orkutækni og sjálfbær orkukerfi, svo og lausnir varðandi skilvirka orkunýtingu, en þar eru Norðurlönd í fararbroddi. Þessi sýning verður í tengslum við leiðtogafundinn um loftslagsmál sem haldinn verður í Kaupmannahöfn árið 2009. Sýningin á að skapa orkuiðnaði útflutningsgrundvöll. Þar á að leggja áherslu á þau svið þar sem Norðurlönd eru í fararbroddi nú þegar, t.d. á sviði vind- og vatnsorku, jarðhita, en einnig á svið sem enn er verið að þróa eins og t.d. geymslu og bindingu koltvísýrings (Carbon Capture Storage), eldsneytisraflöður og aðra kynslóð lífræns etanóls.

*Heimssýningin í Shanghai:* Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda vegna heimssýningarinnar í Shanghai geta bæði verið framlag til að kynna Norðurlönd á einum áhugaverðasta markaði heims og um leið vakið athygli á norrænum lausnum varðandi þema heimssýningarinnar: „Better city better life“.

Á vegum Norrænu stofnunarinnar um Asíurannsóknir (NIAS) var haldið málþing um heimssýninguna. Með því að leggja áherslu á fá afmörkuð efni gætu sameiginlegar aðgerðir á heimssýningunni orðið skýrari. Til að kanna hvort áhugi sé á Norðurlöndum á sameiginlegum aðgerðum verður haft

samband við þau stjórnvöld landanna sem standa að undirbúningi heimssýningarinnar í Shanghai 2010. Sameiginlegur sýningaraskáli er ekki til umræðu. Einn af fleiri möguleikum á sameiginlegum norrænum aðgerðum gæti verið að byggja á þeim þáttum orku- og umhverfismála sem tengjast sýningunni í Kaupmannahöfn árið 2009. Það gæti auðveldað undirbúning og verið hagkvæmt.

Ástæða er til að hugleiða möguleika á samnorrænum verkefnum um þema sýningarinnar „Better City Better Life“. Með því gætu Norðurlönd styrkt ímynd sína sem svæði í fararbroddi á sviði sjálfbærrar þróunar og markaðssett norræna þekkingu á þessu sviði. Skapa þarf iðnaðar-, rannsóknar- og þróunargeirunum tækifæri til að vekja athygli á tillögum Norðurlanda um orkulausnir framtíðar. Ein af mörgum tillögum er að beina athyglinni að orkulausnum framtíðar og sjálfbærri orku í stórum borgum. Á árinu 2007 verður umfang og þema rætt og ákvörðun tekin. Ef til þess kæmi þyrfti framkvæmdaskrifstofa fyrir verkefnið að hefja starfsemi sína á árinu 2008. Nánari undirbúningur verður í höndum starfshóps sem starfar undir Norrænu samstarfsnefndinni.

*Þing um viðbrögð vegna hnattvæðingar:* Norrænt þing um hnattvæðingu verður væntanlega haldið í Svíþjóð í apríl 2008. Svíar munu skipuleggja það í nánu samstarfi við skrifstofu Norrænu ráðherranefndarinnar. Tilgangur þingsins er að vera vettvangur til að þróa og koma á framfæri hugmyndum um hvernig haga skuli sameiginlegum norrænum viðbrögðum við hnattvæðingu. Þingið á að vera norrænu forsætisráðherrunum og norrænu samstarfi í heild sinni til innblásturs og ráðgjafar. Hugmyndin er að það verði skipulagt á hverju vori af því landi sem fer með formennsku í Norrænu ráðherranefndinni.

Markmiðið er að bjóða til þátttöku afmörkuðum fjölda þátttakenda úr atvinnulífinu, úr rannsóknarumhverfinu, á sviði æðri menntunar og meðal nýsköpunaraðila, meðal stjórnmálamanna og frá borgarasamtökum til að ræða málefni varðandi hnattvæðingu. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvert umfjöllunarefni þingsins árið 2008 verður. Uppi eru hugmyndir um að árið 2008 verði þar byggt á þemanu „Sameignishæf Norðurlönd í hnattvæddum heimi með áherslu á atvinnutækifæri og hagvöxt, loftslags- og orkumál“.

Haft verður samráð við Norðurlandaráð um skipulagningu og framkvæmd þingsins.



### **Þema: Velmegun á Norðurlöndum**

*Framlag Norðurlanda til loftslagssamninga:* Hrint verður af stað verkefni með það að markmiði að hafa áhrif á niðurstöður samninganna um nýjan hnattrænan loftslagssamning í Kaupmannahöfn árið 2009. Mikilvægasta viðfangsefni þessa verkefnis verður að greina meginatriði loftslagssamningsins með tilliti til hvernig helst megi styðja undirbúning í norrænu löndunum.

*Afnám stjórnsýsluhindrana á Norðurlöndum:* Til að fylgja eftir óskum forsætisráðherranna um að ekkert verði látið ógert til að ryðja úr vegi vandamálum þeim sem hindra för borgara og fyrirtækja á norrænum landamærasvæðum, hafa samstarfsráðherrarnir samþykkt nýtt og skilvirkara skipulag aðgerða gegn stjórnsýsluhindrunum á Norðurlöndum. Skipuð verður sérstök nefnd gegn stjórnsýsluhindrunum. Hlutverk hennar verður annars vegar að þrýsta á aðila þá í löndunum sem vinna gegn stjórnsýsluhindrunum og hins vegar að vera samræmandi aðili. Formaður nefndarinnar og framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar munu gefa árlega skýrslu um framvindu til forsætisráðherranna. Enn fremur hafa samstarfsráðherrarnir ákveðið að gera upplýsingar sem auðvelda för borgaranna á milli landa aðgengilegri.

Frá og með árinu 2009 verða þessar aðgerðir fjármagnaðar með því að breyta forgangsröðun á fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar. Í samræmi við yfirlýsingu forsætisráðherranna verður einnig leitast við að finna utanaðkomandi fjármögnunaraðila til að taka þátt í fjármögnun samnorrænna aðgerða.

## **Fjármögnun viðbragða vegna hnattvæðingar**

Ákveðið hefur verið að viðbrögð vegna hnattvæðingar verði að hluta til fjármögnuð með því að auka í þetta eina skipti heildarramma fjárlaganna fyrir árið 2008 um 35 millj. DKK með því að nýta lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar. Úr forgangsverkefnasjóði koma 13 millj. DKK. Þær 12 millj. DKK sem á vantar eru teknar af verkefnafé á fjárveitingum ráðherranefnda í samræmi við hlutfallslega skiptingu verkefnafjármagns á fjárveitingum eftirfarandi ráðherranefnda: Ráðherranefnd á sviði menntunar og rannsókna (MR-U), sjávarútvegs, landbúnaðar, skógræktar og matvæla (MR-FJLS), umhverfismála (MR-M), atvinnu-, orku- og byggðamála (MR-NER) og samstarfsráðherra (MR-SAM).

Vegna þess að hækkun fjárlagarammans um 35 millj. DKK til fjármögnunar hluta hnattvæðingarverkefnanna á árinu 2008 er einungis til eins árs þarf Norræna ráðherranefndin á árinu 2009 að finna leiðir til að fjármagna áframhaldandi hnattvæðingarverkefni. Verður það gert með frekari breytingum á forgangsröðun innan fjárlagarammans.

## **Megináherslur fjárlaganna fyrir árið 2008**

Fyrir utan verkefni vegna hnattvæðingar hafa samstarfsráðherrarnir lagt eftirfarandi áherslur í fjárlögum fyrir 2008:

**Rannsóknir og nýsköpun** mun áfram vera áherslusvið til að efla samkeppnishæfni og aðdráttarafl Norðurlanda. Rannsóknarverkefni með sameiginlegri fjármögnun m.a. á sviði matvæla og heilbrigðismála, velferðar-, umhverfis- og loftslagsmála hafa tekist vel og mun þeim fylgt eftir á nýjum sviðum, þar sem forgangsröðun landanna fellur saman og þar sem staða Norðurlanda er sterk. Byggja þarf upp aðlaðandi tengslanet milli háskólanna m.a. með áætlun um samnorrænt meistaranám og norrænum öndvegissætum, og efla skal tengsl og samspil milli háskóla og atvinnulífs, einkum meðal fyrirtækja í þekkingariðnaði.

**Norrænt velferðarsamfélag** stendur frammi fyrir verulegum áskorunum. Úrlausnir eru aðkallandi vegna þess að fjöldi eldri borgara eykst og um leið aukast útgjöld til heilbrigðisþjónustu, umönnunar aldraðra og lífeyrisgreiðslna. Með samdrætti í vinnuafli reynist erfiðara að tryggja nauðsynlegt vinnuafli til að mæta aukinni eftirspurn eftir velferðarþjónustu. Því er mikilvægt að mennta starfsfólk og tryggja fjármögnunargrundvöll.

**Á sviði umhverfis-, loftslags- og orkumála** hefur það forgang að auka nýtingu endurnýjanlegra orkugjafa og að draga úr losun vegna jarðefnaeldsneytis. Í norrænu samstarfi á að leggja áherslu á þróun umhverfisvænna, skilvirkra og sjálfbærna orkulausna sem geti verið framlag Norðurlanda til að leysa hnattræn loftslagsvandamál.

**Samstarf á menningarsviði** er annað stærsta aðgerðasvið ráðherranefndarinnar og er megin tilgangur þess að efla og vernda fjölbreytni menningarforma á Norðurlöndum, að koma listamönnum og verkum þeirra á framfæri og um leið að styrkja stöðu norræns lista- og menningarlífs í hnattvæddum heimi. Fyrirkomulag menningarsamstarfsins hefur



verið endurskipulagt svo auðveldara sé að takast á við viðfangsefni á sviði menningarmála bæði í löndunum og á alþjóðlegum vettvangi. Norræni menningarsjóðurinn gegnir mikilvægu hlutverki í áframhaldandi þróun menningarsamstarfs.

**Norrænt samstarf á sviði jafnréttismála** þarf að takast á við ný viðfangsefni, sem endurspeglar aukna hnattvæðingu. Á Norðurlöndum búa einstaklingar sem eru ólíkir að uppruna og eiga ólíkan bakgrunn, í félagslegu og landfræðilegu tilliti, hvað varðar kynhneigð o.s.frv. Á sviði jafnréttismála þarf nú að takast á við verkefni sem snúast um hvernig rúma megi fjölbreytileikann og að fá alla hópa til að taka þátt í ákvarðanaferlum og umræðu á opinberum vettvangi.

**Áhersla á aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum** heldur áfram sem aðferð til að styrkja stöðu Norðurlanda sem eitt markaðssvæði. Norrænu samstarfsráðherrarnir hafa samþykkt nýtt og skilvirkara skipulag aðgerða gegn stjórnsýsluhindrunum. Því verður skipuð sérstök nefnd til að vinna gegn stjórnsýsluhindrunum, en verkefni hennar verður að þrýsta á aðila í löndunum sem vinna að því að afnema stjórnsýsluhindranir. Hrint verður í framkvæmd ýmsum aðgerðum til að samræma betur aðgerðir gegn stjórnsýsluhindrunum jafnt á sviði upplýsinga og reglna og verður það bæði á Norðurlöndum og í samstarfi við Evrópusambandið (ESB). Skýrari áhersla verður lögð á tiltekin vandamál.

**Ný norræn matvæli** er meðal nýrra áherslusviða á sviði nýsköpunar sem eru verðmætaskapandi. Það fellur vel að sýn Norrænu ráðherra nefndarinnar um að beina athyglinni að tækifærum og styrk Norðurlanda í hnattvæddum heimi. Þessi áætlun á þátt í að vekja athygli á norrænum gildum og gera þau sýnilegri með því að tengja styrkleika Norðurlanda á sviði svæðisbundinna verðmæta, matargerðarlistar, þróun atvinnuvega, hráefnis og ferðaþjónustu.

**Aukið samstarf við nágrannalöndin í Norður-Evrópu og við Eystrasaltið**  
Samstarf við nágrannalönd í Norður-Evrópu og við Eystrasaltið er á sama hátt og samstarf á evrópskum vettvangi samþætt starfsemi ráðherra nefndarinnar. Með norrænu samstarfi má styrkja stöðu norrænu landanna á evrópskum vettvangi. Þetta á m.a. við um menntun og rannsóknir, nýsköpun og klasasamstarf. Á þessum sviðum getur samstarf Norðurlanda við nágrannalöndin eftir aðdráttarfl svæðisins í heild sinni, sem „The Top of Europe“.

Grundvöllur samstarfsins á svæðinu við Eystrasaltið og á Barentssvæðinu er hin Norðlæga vídd. Náði samstarf ráðherra nefndarinnar við önnur samtök sem starfa á svæðinu og við Evrópusambandið (ESB) er í stöðugri þróun. Áhersla samstarfsins er m.a. á samstarfi á landamærasvæðum, samstarfi á sviði rannsókna og menntunar sem og samstarfi frjálsra félagasamtaka.

Eitt megin stjórn tæki í samstarfi í Norðvestur-Rússlandi er áætlun um uppbyggingu þekkingar og tengslaneta. Ráðherra nefndin mun halda áfram þróun og framkvæmd þessarar áætlunar. Til að efla raunverulegt samstarf á jafnréttisgrundvelli milli Norðurlanda og Eystrasaltsríkjanna verða einnig þróaðar nýjar norrænar-baltneskar ferðastyrkjaáætlanir. Skrifstofur Norrænu ráðherra nefndarinnar á svæðinu eru mikilvægar sem tengiliðir í þróun og framkvæmd norræns samstarfs á nágrannasvæðum Norðurlanda.

Á árinu 2008 er áherslan einkum á „heimskautaglugga“ hinnar Norðlægu víddar, og er þar átt við áherslusviðin loftslagsmál, umhverfismál og lífskilyrði frumbyggja svæðisins sem eru þættir í áætlun ráðherra nefndarinnar um samstarf á norðurskautssvæðum.

Hvíta-Rússland er dæmi um svæði þar sem samþætting norrænna verkefna við samstarf á vettvangi Evrópusambandsins (ESB) er mikilvæg. Í samstarfi við ESB styður ráðherra nefndin námsmenn frá Hvíta-Rússlandi sem stunda nám við European Humanities University (EHU) í Vilnús og öðrum nágrannalöndum Hvíta-Rússlands, einkum Úkraínu.

## Samráð við Norðurlandaráð

Að mati Norrænu ráðherra nefndarinnar er samráðið við Norðurlandaráð um fjárlög Norrænu ráðherra nefndarinnar afar mikilvægt. Við gerð fjárlaga fyrir árið 2008 hafa Norðurlandaráð og Norræna ráðherra nefndin verið sammála um að veita hnattvæðingarverkefnum forgang. Að auki hefur Norðurlandaráð fyrst og fremst lagt áherslu á að veita þróun lýðræðis og eflingu Norðlægu víddarinnar á Eystrasaltssvæðinu forgang sem og að auka fjárveitingu til Menningarsjóðsins og Nordjobb. Á þessum sviðum hefur ráðherra nefndin farið að óskum Norðurlandaráðs og í fjárlögunum hafa um 1,8 millj. DKK verið færðar á milli fjárlagaliða. Á tilteknum fjárlagaliðum hafa einnig 3 millj. DKK verið eyrna-merktar til baráttu gegn mansali.





## Heildarrammai fjárlaganna

Fjárhagsrammi fjárlaganna fyrir árið 2008 nemur samtals 910,362 millj. DKK á verðlagi ársins 2008. Vegna viðbragða við hnattvæðingu hefur hann verið hækkaður um 35 millj. DKK að raungildi (verðlag ársins 2007) fyrir árið 2008 og er sú hækkan einungis fyrir þetta eina ár.

Á eftirfarandi yfirliti má sjá hvernig fjárlögin skiptast milli fagráðherranefndanna tíu og fjárlagaramma samstarfsráðherranna. Í fjárlögum eru ráðherranefndirnar flokkaðar samkvæmt skipuriti ráðherranefndarskrifstofunnar.

Í fylgiskjali 1 má sjá verðbólguþig og gengi gjaldmiðla, samkvæmt ákvörðun samstarfsráðherranna, sem liggja til grundvallar verð- og gengisútreikningum í fjárlögum ráðherranefndarinnar fyrir árið 2008.

Hér kemur fram að vegna ákvörðunar samstarfsráðherranna um að draga úr lausafjárstöðunni um 70 millj. DKK minnka framlög landanna til ráðherranefndarinnar sem því nemur.



### SAMANBURÐUR Á FJÁRLÖGUM FYRIR ÁRIN 2008 OG 2007 (VERÐLAG HVERS TÍMA Í ÞÚSUNDUM DKK)

Verðlag hvers tíma	FJÁRLÖG 2008	Hlutfall	FJÁRLÖG 2007	Hlutfall	Mismunur +/-	%
<b>MR-K, MR-Ligestilling, MR-Lov</b>	<b>173.882</b>	<b>19,1 %</b>	<b>173.369</b>	<b>20,2 %</b>	<b>513</b>	<b>0,3 %</b>
Menningarmál (MR-K)	164.192	18,0 %	163.525	19,0 %	667	0,4 %
Jafnréttismál (MR-Ligestilling)	8.355	0,9 %	8.515	1,0 %	-160	-1,9 %
Löggjafarmál (MR-Lov)	1.335	0,1 %	1.329	0,2 %	6	0,5 %
<b>MR-U, MR-A</b>	<b>233.899</b>	<b>25,7 %</b>	<b>237.021</b>	<b>27,6 %</b>	<b>-3.122</b>	<b>-1,3 %</b>
Menntun og rannsóknir (MR-U)	220.562	24,2 %	223.961	26,1 %	-3.399	-1,5 %
Vinnumarkaður og -umhverfi (MR-A)	13.337	1,5 %	13.060	1,5 %	277	2,1 %
<b>MR-NER, MR-S, MR-Finans</b>	<b>155.735</b>	<b>17,1 %</b>	<b>159.948</b>	<b>18,6 %</b>	<b>-4.213</b>	<b>-2,6 %</b>
Atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER)	114.165	12,5 %	118.425	13,8 %	-4.260	-3,6 %
Heilbrigðis- og félagsmál (MR-S)	39.824	4,4 %	39.786	4,6 %	38	0,1 %
Efnahags- og fjármál (MR-Finans)	1.746	0,2 %	1.737	0,2 %	9	0,5 %
<b>MR-M, MR-FJLS</b>	<b>80.913</b>	<b>8,9 %</b>	<b>85.652</b>	<b>10,0 %</b>	<b>-4.739</b>	<b>-5,5 %</b>
Umhverfismál (MR-M)	42.723	4,7 %	45.480	5,3 %	-2.757	-6,1 %
Sjávarútvegur, landbúnaður, skógrækt og matvæli (MR-FJLS)	38.190	4,2 %	40.172	4,7 %	-1.982	-4,9 %
<b>Samstarfsráðherrar</b>	<b>265.933</b>	<b>29,2 %</b>	<b>202.582</b>	<b>23,6 %</b>	<b>63.351</b>	<b>31,3 %</b>
Samstarf við grannsvæðin	96.620	10,6 %	94.211	11,0 %	2.409	2,6 %
Skrifstofa ráðherranefndarinnar	72.729	8,0 %	67.822	7,9 %	4.907	7,2 %
Önnur samnorræn starfsemi	34.964	3,8 %	37.483	4,4 %	-2.519	-6,7 %
Hnattvæðingarverkefni	61.620	6,8 %	0	0,0 %	61.620	-
Aðlögunarsjóður	0	0,0 %	3.066	0,4 %	-3.066	-
<b>SAMTALS</b>	<b>910.362</b>	<b>100,0 %</b>	<b>858.572</b>	<b>100,0 %</b>	<b>51.790</b>	<b>6,0 %</b>



## TEKJUR ÞÚSUNDIR DKK (VERÐLAG HVERS TÍMA)

	Uppgjör 2006	Skiptiregla 2006	Fjárlög 2007	Skiptiregla 2007	Skerðing grunn- höfuðstóls 2008	Fjárlög 2008	Skiptiregla 2008
Skerðing grunnhöfuðstóls						70.000	
Gjöld af tekjum starfsmanna	9.155		8.000			8.000	
Vaxtatekjur	9.087		4.600			6.900	
Aðrar tekjur/tap	454		200			200	
Framlög landanna	826.843		845.772			825.262	
Danmörk	186.040	22,5 %	193.682	22,9 %	15.890	187.334	22,7 %
Finnland	148.832	18,0 %	153.085	18,1 %	12.530	147.722	17,9 %
Ísland	9.095	1,1 %	9.303	1,1 %	910	10.728	1,3 %
Noregur	214.979	26,0 %	213.135	25,2 %	18.620	219.520	26,6 %
Svíþjóð	267.897	32,4 %	276.567	32,7 %	22.050	259.958	31,5 %
<b>Samtals:</b>	<b>839.643</b>	<b>100,0 %</b>	<b>858.572</b>	<b>100,0 %</b>	<b>70.000</b>	<b>910.362</b>	<b>100,0 %</b>
<b>Afgangur</b>	<b>5.806</b>						

### Tekjuliðir fjárlaganna og framlög landanna

Starfsemi ráðherranefndarinnar er fyrst og fremst fjármögnuð með beinum framlögum frá löndunum. Grundvallarreglan er sú að framlag landanna er sama upphæð og fjárlagaramminn að frádregnum gjöldum af tekjum starfsmanna, nettóvaxtatekjum og öðrum tekjum sbr. eftirfarandi yfirlit. Framlag landanna er ákveðið samkvæmt sérstakri skiptireglu, sem byggist á hlutdeild hlutaðeigandi lands í vergum þjóðartekjum miðað við framleiðsluverð tveggja síðustu ára sem upplýsingar liggja fyrir um, þ.e. fyrir árin 2004 og 2005.

### Áætlað framlag frá löndunum í gjaldmiðli hvers lands

Á eftirfarandi yfirliti má sjá áætlað framlag frá löndunum til Norrænu ráðherranefndarinnar í gjaldmiðli hvers lands.



	FJÁRLÖG 2008 (ÞÚSUNDIR)
Danmörk	137.801 DKK
Finnland	21.835 EUR
Ísland	134.105 ISK
Noregur	278.183 NOK
Svíþjóð	322.117 SEK

## Efnahagslegt og pólitískt svigrúm í fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar

Á bls. 10 og 11 í yfirliti má sjá áætlað svigrúm fjárlaganna á sviðum fagraráðherranefndanna, á sviði samstarfs við grannsvæðin sem og innan ramma samstarfsráðherranna á verðlagi ársins 2007 fyrir 2009 og 2010.

Vakin er athygli á því að þetta mat er spá fyrir árin 2009 og 2010 og byggir hún á heildarfjárlagaramma fyrir árið 2008 þar sem gert er ráð fyrir að skipting fjárlaganna á ráðherranefndirnar verði óbreytt miðað við árið 2008. Matið byggir á skipulagi stofnananna og skipuriti fyrir hvert svið fyrir sig. Eins er ástæða til að vekja athygli á því að um er að ræða spá sem unnin hefur verið á skrifstofu ráðherranefndarinnar sem endurspeglar ekki pólitíska forgangsröðun. Sérstök athygli er vakin á því að sú aukning fjárlagarammans til eins árs um 35 millj. DKK sem ætluð er til verkefna vegna hnattvæðingar er ekki innifalin í þessu yfirliti.

Í spánni er einnig leitast við að taka tillit til hins pólitíska raunveruleika, sem þýðir að skrifstofan hefur lagt mat á afleiðingar breyttrar forgangsröðunar og þess að dregið er úr eða starfsemi lögð niður.



Svigrúm fjárlaganna hefur verið flokkað í fimm flokka.

#### Flokkur 1

Í þessum flokki er fjármagn sem ætlað er til skammtíma, afmarkaðra og tímabundinna verkefna. Þetta er fjármagn sem er veitt tímabundið til einstakra verkefna. Til viðbótar við verkefnafé eru í þessum flokki einnig fjárveitingar sem hjá stofnunum eru sambærilegar við verkefni.

#### Flokkur 2

Í flokki 2 eru fjárveitingar þar sem Norræna ráðherraefndin hefur gefið til kynna skýr áform um fjárveitingu til fleiri ára. Í þessum flokki eru verkefni þar sem fjármögnun kemur eingöngu frá Norrænu ráðherraefndinni. Dæmi um starfsemi í þessum flokki eru starfshópar, styrkjakerfi og stærri áætlanir sem þetta á við um.

#### Flokkur 3

Í þriðja flokknum er fjármagn sem á að laða til sín fjármögnunaraðila aðra en Norrænu ráðherraefndina. Hér eru skilyrðin þau sömu og í flokki 2, nema að því leyti að Norræna ráðherraefndin er ekki eini fjármögnunaraðilinn. Það er því hér um að ræða fjármagn þar sem norrænu fjármagni er ætlað að laða að fjárveitingar frá löndunum og fjárveitingar frá aðilum öðrum en ráðherraefndinni.

#### Flokkur 4

Hér er um að ræða fjármagn sem er veitt til norrænna verkefna sem mynda kjarnann í starfseminni. Norræn kjarnaverkefni eru verkefni sem eru sýnileg og eiga að miklu leyti þátt í að skapa ímynd norræns samstarfs. Þar má nefna verkefnið „Halló Norðurlönd“, norrænu menningarhúsin, Svaninn og norrænu verðlaunin. Einnig flokkast einstök styrkjakerfi með þessum flokki.



### YFIRLIT YFIR SVIGRÚM Í FJÁRLÖGUM NORRÆNU RÁÐHERRANEFNDARINNAR FYRIR ÁRIN 2009 OG 2010 (VERÐLAG ÁRSINS 2007 Í ÞÚSUNDUM DKK)

Svigrúm	Spá fyrir árið 2009			
	1	2	3	4
<b>MR-Kultur, MR-Ligestilling, MR-Lov</b>	<b>7.436</b>	<b>60.918</b>	<b>24.845</b>	<b>67.161</b>
Menningarmál (MR-K)	2.504	60.818	24.845	67.161
Jafnréttismál (MR-Ligestilling)	3.732	0	0	0
Löggjafarmál (MR-Lov)	1.200	100	0	0
<b>MR-Uddannelse og forskning, MR-A</b>	<b>14.911</b>	<b>72.537</b>	<b>61.469</b>	<b>72.933</b>
Menntun og rannsóknir (MR-U)	12.488	65.364	61.469	70.529
Vinumarkaðsmál (MR-A)	2.423	7.173	0	2.404
<b>MR-NER, MR-S, MR-Finans</b>	<b>47.031</b>	<b>22.707</b>	<b>53.800</b>	<b>0</b>
Atvinnu-, orku- og byggðamál (MR-NER)	18.079	19.721	53.800	0
Heilbrigðis- og félagsmál (MR-S)	27.552	2.686	0	0
Efnahags- og fjármál (MR-Finans)	1.400	300	0	0
<b>MR-Miljø og MR-FJSL</b>	<b>8.747</b>	<b>31.996</b>	<b>26.545</b>	<b>7.190</b>
Umhverfismál (MR-M)	2.300	28.892	10.503	2.905
Sjávarútvegur, landbúnaður, skógrækt og matvæli (MR-FJSL)	6.447	3.104	16.042	4.285
<b>Samstarf við grannsvæðin</b>	<b>2.041</b>	<b>0</b>	<b>68.316</b>	<b>0</b>
Samstarfsráðherrar	18.072	13.064	4.000	0
Skrifstofa ráðherraefndarinnar (NMRS)	0	0	0	0
Önnur samnorræn starfsemi	18.072	13.064	4.000	0
<b>Verkefnasjóður</b>	<b>17.000</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>
<b>SAMTALS</b>	<b>115.238</b>	<b>201.222</b>	<b>238.975</b>	<b>147.284</b>

#### Flokkur 5

Undir síðasta flokkinn heyrir fjármagn sem er samningsbundið fjármagn. Þetta fjármagn er því ekki til ráðstöfunar. Hér er um að ræða leigusamninga, þ.á.m. húsaleigusamninga sem og samninga við starfsfólk stofnananna.

Eins og kemur fram á yfirlitinu nemur samningsbundið fjármagn á fjárlögum ráðherraefndarinnar u.þ.b. 155 millj. DKK árið 2008. Af því fjármagni sem eftir er, eru u.þ.b. 145 millj. DKK ætlaðar í starfsemi sem kalla má norræna grunnstarfsemi.

U.þ.b. 240 millj. DKK eru fjármagn, þar sem einnig er, eða gerð er krafa um að til komi, fjármagn frá aðilum utan hins formlega norræna samstarfs. Þetta er því fjármagn með innbyggðum margfeldisáhrifum. Skilyrðin fyrir styrk frá Norrænu ráðherraefndinni er að starfsemin eigi þátt í að efla

„Norrænt notagildi“. Og með þessu fjármagni eykst þannig verulega fjármagnið sem skapar „Norrænt notagildi“.

Síðustu u.þ.b. 315 millj. DKK eru að miklu leyti verkefnafé sem veitt er tímabundið til sérstakra verkefna og fjárveitingar til starfshópa, samstarfsaðila o.fl. Tengslin við norrænt samstarf geta verið með ólíkum hætti. Þetta fjármagn er þó alltaf tengt framkvæmdaáætlunum ráðherraefndarinnar á því sviði sem um er að ræða. Það er þetta fjármagn sem fjármagnar rekstur ráðherraefndanna og héðan kemur fjármögnun nýrra aðgerða, úttekta og stefnumörkunar.

#### Spá fyrir árið 2010

5	1	2	3	4	5
9.540	7.436	60.918	24.845	67.161	9.540
4.972	2.504	60.818	24.845	67.161	4.972
4.568	3.732	0	0	0	4.568
0	1.200	100	0	0	0
10.450	47.496	49.763	52.058	72.933	10.050
9.650	44.673	42.590	52.058	70.529	9.650
800	2.823	7.173	0	2.404	400
33.262	48.033	21.705	63.800	0	23.262
24.500	18.079	19.721	63.800	0	14.500
8.762	28.554	1.684	0	0	8.762
0	1.400	300	0	0	0
9.522	12.354	31.389	23.545	7.190	9.522
0	2.300	28.892	10.503	2.905	0
9.522	10.054	2.497	13.042	4.285	9.522
21.943	2.041	0	68.316	0	21.943
71.164	18.072	13.064	4.000	0	71.164
69.555	0	0	0	0	69.555
1.609	18.072	13.064	4.000	0	1.609
0	17.000	0	0	0	0
155.881	152.432	176.839	236.564	147.284	145.481



## Endurnýjun fjárlagaferlis

Hjá Norrænu ráðherranefndinni er hafin endurnýjun fjárlagaferlis og fjármálastjórnunar, þar með talið að þróa verkefnastjórnun og auka skilvirkni hjá verkefnastjórnun ráðherranefndarinnar.

Af þeirri ástæðu hefur skrifstofan skipað vinnuhóp til að efla verkefnastjórnun. Í þessu starfi felst m.a.:

- Að hrinda í framkvæmd nýjum verkreglum í samræmi við endurnýjun fjárlagaferlisins til að tryggja samræmi í verkefnastjórnun skrifstofunnar. Því fer fram vandleg endurskoðun eyðublaða og þeirra kafla í stjórnsýslu-handbók skrifstofunnar sem fjalla um verkefnastjórnun. Einnig verður menntun starfsfólks skrifstofunnar á sviði verkefnaumsýslu endurskoðuð.
- Endurnýjun á upplýsingatækni til verkefnastjórnunar. Markmiðið er að hrinda nýjum verkreglum í framkvæmd ásamt því að gera tólin notendavænni.
- Þróun sérstakrar verkefnisgáttar á Netinu til að auðvelda almenningi að afla sér upplýsinga um verkefni sem unnið er að eða er lokið.

Þess er vænst að framkvæmd og endurskoðun verkreglnanna verði lokið fyrir árslok árið 2007 og að breytingum og uppbyggingu upplýsingatækni og verkefnagáttar verði lokið fyrir mitt árið 2008.

Á fjárlögum fyrir árið 2008 hefur aðlögunarsjóður verið sameinaður formennskusjóðnum og þar eru enn möguleikar á að styrkja óformlegt samstarf.

Samstarfsráðherrarnir (MR-SAM) hafa ákveðið að draga úr lausafjárstöðu ráðherranefndarinnar um 70 millj. DKK á árinu 2008. Af því fjármagni verða 35 millj. DKK notaðar til að auka fjárlagamma ársins 2008 vegna verkefna og viðbragða við hnattvæðingu.

## Yfirlit yfir alla fjárlagaliði

Á fjárlögum Norrænu ráðherranefndarinnar fá fagráðherra- nefndirnar tíu og samstarfsráðherrarnir tiltekna fjárveitingar til ráðstöfunar. Þar að auki er sérstök fjárveiting fyrir samstarf við grannsvæðin, og frumkvæði norrænu ráðherra-

nefndarinnar á sviði hnattvæðingar. Á eftirfarandi yfirliti má sjá hvernig fjárveitingarnar skiptast á hinar einstöku ráðherranefndir.



<b>MENNINGARMÁL SAMTALS (MR-KULTUR)</b>			
<b>ÞÚSUNDIR DKK</b>		<b>Fjárlög 2008</b>	<b>Fjárlög 2007</b>
		<b>164.192</b>	<b>163.525</b>
	<i>Almennt framlag til menningarmála</i>	35.337	34.459
1-2203-1	Framlag til sérstakra menningarmála	1.029	1.022
1-2204-1	Norrænn menningarvettvangur	1.543	1.533
1-2205-2	Norræni menningarsjóðurinn	32.765	31.904
<i>Börn og unglingar</i>		7.362	7.315
<i>Verkefni og almennir styrkir</i>		7.362	7.315
1-2210-1	Norrænt íþróttasamstarf	1.289	1.281
1-2212-1	Stjórnarnefnd um norræna barna- og unglíngamenningu (NORDBUK)	6.073	6.034
<i>Kvikmyndir og fjölmiðlar</i>		42.981	40.670
<i>Verkefni og almennir styrkir</i>		40.021	37.723
1-2221-2	Norræna tölvuleikjaverkefnið	12.340	10.220
1-2222-2	Norræni kvikmynda- og sjónvarpssjóðurinn	24.419	24.262
1-2223-1	Endurmenntun norrænna blaðamanna	3.262	3.241
<i>Stofnanir</i>		2.960	2.947
1-2228-3	Gagnamiðstöð um fjölmiðlarannsóknir (NORDICOM)	2.960	2.947
<i>Listasvið</i>		74.241	76.837
<i>Verkefni og almennir styrkir</i>		32.259	34.084
1-2251-2	Lista- og menningarátætlunin	19.554	20.440
1-2254-2	Ferða- og dvalarstyrkir	12.705	13.644
<i>Stofnanir</i>		5.085	5.071
1-2259-3	„Kulturkontakt Nord“	5.085	5.071

Framhald



Framhald

<b>MENNINGARMÁL SAMTALS (MR-KULTUR)</b>			
<b>ÞÚSUNDIR DKK</b>		<b>Fjárlög 2008</b>	<b>Fjárlög 2007</b>
	<i>Norræn menningarhús (stofnanir)</i>	36.897	37.682
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	8.057	8.954
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	12.825	12.767
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	2.758	2.752
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	5.985	5.958
1-2279-1	Viðhald menningarhúsa	1.097	1.090
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)	6.175	6.161
	<i>Annað menningarsamstarf</i>	4.271	4.244
	<i>Verkefni og almennir styrkir</i>	4.271	4.244
1-2234-4	Samískt samstarf	4.271	4.244



<b>JAFNRÉTTISMÁL SAMTALS (MR-LIGESTILLING)</b>			
<b>ÞÚSUNDIR DKK</b>		<b>Fjárlög 2008</b>	<b>Fjárlög 2007</b>
		<b>8.355</b>	<b>8.515</b>
	<i>Verkefni</i>	3.389	3.373
1-4410-1	Verkefni – Jafnréttismál	3.389	3.373
	<i>Stofnanir</i>	4.966	5.142
1-4480-3	Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK)	4.966	5.142



<b>LÖGGJAFARMÁL SAMTALS (MR-LOV)</b>			
<b>ÞÚSUNDIR DKK</b>		<b>Fjárlög 2008</b>	<b>Fjárlög 2007</b>
		<b>1.335</b>	<b>1.329</b>
1-7110-1	Verkefni – Löggjafarmál	1.335	1.329



**MENNTUN OG RANNSÓKNIR SAMTALS (MR-UDDANNELSE OG FORSKNING)**

<b>DÚSUNDIR DKK</b>	<b>Fjárlög 2008</b>	<b>Fjárlög 2007</b>
	<b>220.562</b>	<b>223.961</b>
<i>Almenn mennta- og rannsóknarstarfsemi</i>	3.992	5.424
2-2505-1 Ráðstöfunarfé – Menntun og rannsóknir	3.992	5.424
<i>Stefnumörkun o.fl.</i>	12.479	12.465
2-2510-1 Norrænt skólasamstarf (NSS)	1.582	1.580
2-2520-1 Ráðgjafahópur um fullorðinsfræðslu (SVL)	1.126	1.124
2-2530-1 Ráðgjafahópur um æðri menntun (HÖGUT)	1.332	1.331
2-2544-1 Norræna málráðið	1.277	1.275
2-2553-1 Stefnumótun, þekkingarsamfélög og uppbygging upplýsingatækni	575	575
2-3127-2 Stefnumörkun á sviði fullorðinsfræðslu	6.587	6.580
<i>Ferðastyrkir og tengslanet</i>	74.612	72.705
2-2512-2 Nordplus junior	0	20.139
2-2513-2 Nordplus rammaáætlun	62.136	0
2-2522-2 Nordplus (fullorðinsfræðsla)	0	8.993
2-2532-2 Nordplus (æðri menntun)	0	32.494
2-2534-4 Framlag til norræna sumarháskólans (NSU)	1.142	1.141
2-2543-2 Nordplus tungumál og menning	10.298	8.903
2-2545-2 Kennsla um Norðurlönd erlendis	1.036	1.035
<i>Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)</i>	104.466	107.784
2-3100-3 Norræna rannsóknarráðið (NordForsk)	100.896	104.218
2-3129-1 Norrænar vísindaupplýsingar (Nordbib)	2.609	2.606
2-3140-1 Norræna lífsiðfræðinefndin	961	960
<i>Annað rannsóknarsamstarf</i>	25.013	25.583
2-3180-2 Norræna eðlisfræðistofnunin (NORDITA)	10.270	10.855
2-3181-2 Norræna sjóréttarstofnunin (NIFS)	3.060	3.057
2-3182-2 Norræna stofnunin um Asíurannsóknir (NIAS)	4.852	4.847
2-3184-2 Norræna eldfjallasetrið (NORDVULK)	4.958	4.953
2-3185-2 Norræna samíska stofnunin (NSI)	1.873	1.871



**VINNUMARKAÐUR OG VINNUMHVERFI SAMTALS (MR-A)**

ÞÚSUNDIR DKK		Fjárlög 2008	Fjárlög 2007
		<b>13.337</b>	<b>13.060</b>
	<i>Verkefni</i>	10.041	10.169
2-4110-1	Verkefni – Vinnumarkaður og vinnuumhverfi	5.823	6.285
2-4120-2	Nordjobb	2.777	2.453
2-4130-1	Upplýsingaverkefnið	1.441	1.431
<i>Stofnanir</i>		3.296	2.891
2-4180-3	Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnuumhverfissviði (NIVA)	3.296	2.891



**ATVINNU-, ORKU- OG BYGGÐAMÁL SAMTALS (MR-NER)**

ÞÚSUNDIR DKK		Fjárlög 2008	Fjárlög 2007
		<b>114.165</b>	<b>118.425</b>
	<i>Verkefni</i>	29.167	31.837
4-5150-1	Verkefni – Atvinnu-, orku- og byggðamál	22.642	31.837
4-5151-4	NORA	6.525	0
<i>Stofnanir</i>		84.998	86.588
4-5180-3	Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICE)	69.528	71.346
4-6180-3	Norræn stofnun um rannsóknir og þróun í byggðamálum (Nordregio)	10.305	10.034
4-3220-3	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	5.165	5.208



**HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSMÁL SAMTALS (MR-S)**

ÞÚSUNDIR DKK		Fjárlög 2008	Fjárlög 2007
		<b>39.824</b>	<b>39.786</b>
	<i>Verkefni</i>	11.256	11.182
4-4310-1	Verkefni – Heilbrigðis- og félagsmál	8.499	8.443
4-4320-1	Norræna ráðið um málefni fatlaðra (NHR)	1.029	1.022
4-4340-1	Nomesko og Nososko *)	1.728	1.717
<i>Stofnanir</i>		28.568	28.604
4-4381-3	Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV) *	34.476	33.791
4-4382-3	Norræna tannlækningastofnunin (NIOM)	9.426	9.681
4-4383-3	Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir (NAD)	2.920	2.914
4-4384-3	Norræna samstarfsnefndin um málefni fatlaðra (NSH)	7.326	7.180
4-4385-3	Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD)	7.257	7.223
4-4386-3	Norræn menntaáætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS)	1.639	1.606

\*) Ríkin fjármagna starfsemi Norræna lýðheilsuháskólans beint og því kemur upphæðin ekki fram í fjárlagamma Norrænu ráðherranefndarinnar.

**EFNAHAGS- OG FJÁRMÁL SAMTALS (MR-FINANS)**

<b>ÞÚSUNDIR DKK</b>	<b>Fjárlög 2008</b>	<b>Fjárlög 2007</b>
	<b>1.746</b>	<b>1.737</b>
4-5210-1 Verkefni – Efnahags- og fjármál	1.746	1.737

**UMHVERFISMÁL SAMTALS (MR-MILJØ)**

<b>ÞÚSUNDIR DKK</b>	<b>Fjárlög 2008</b>	<b>Fjárlög 2007</b>
	<b>42.723</b>	<b>45.480</b>
3-3310-1 Verkefni – Umhverfismál	29.569	33.763
3-3320-2 Umhverfisþróunarsjóður (NEFCO)	10.787	9.412
3-6720-4 SVANURINN – Norrænt umhverfismerki	2.367	2.305

**SJÁVARÚTV., LANDBÚNAÐUR OG SKÓGRÆKT OG MATVÆLI SAMTALS (MR-FJLS)**

<b>ÞÚSUNDIR DKK</b>	<b>Fjárlög 2008</b>	<b>Fjárlög 2007</b>
	<b>38.190</b>	<b>40.172</b>
<i>Verkefni</i>	<i>3.081</i>	<i>0</i>
3-6420-1 Ný norræn matvæli	3.081	0
<i>Sjávarútvegur</i>	<i>6.059</i>	<i>7.479</i>
3-6610-1 Verkefni – Sjávarútvegur	6.059	7.479
<i>Landbúnaður og skógrækt</i>	<i>22.981</i>	<i>25.691</i>
<i>Verkefni - Landbúnaður</i>	<i>1.978</i>	<i>7.798</i>
3-6510-1 Verkefni – Landbúnaður	1.254	3.643
3-6520-1 Norræna samstarfsráðið fyrir landbúnaðarrannsóknir (NKJ)	724	833
3-6540-1 Norræni genbankinn fyrir húsdýr	0	3.322
<i>Stofnanir - landbúnaður</i>	<i>14.371</i>	<i>9.985</i>
3-6580-3 Norræni genbankinn (NGB)	0	9.985
3-6585-3 Norræn erfðaauðlindamiðstöð	14.371	0
<i>Verkefni - skógrækt</i>	<i>6.632</i>	<i>7.908</i>
3-6310-1 Verkefni – skógrækt	1.081	1.583
3-6581-1 Samnorrænar skógarannsóknir (SNS)	5.551	6.325
<i>Matvæli</i>	<i>6.069</i>	<i>7.002</i>
3-6810-1 Verkefni – Matvæli	4.329	5.765
3-6820-1 Rannsóknir – Matvæli	1.226	1.237
3-6830-1 Norræn framkvæmdaáætlun um betri heilsu og lífsgæði	514	0



**SAMSTARF VIÐ GRANNSVÆÐIN**

ÞÚSUNDIR DKK		Fjárlög 2008	Fjárlög 2007
		<b>96.620</b>	<b>94.211</b>
6-0820-2	Þekkingaruppbygging og tengslanet	32.640	33.287
6-0980-1	Samstarfsverkefni með öðrum alþjóðlegum stofnunum	7.267	7.076
6-0960-1	Frjáls félagasamtök á Eyrstrasaltssvæðinu	5.475	5.331
6-5280-3	Norræni verkefnaútlutningssjóðurinn (Nopef)	19.387	20.158
6-0970-3	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Norðvestur-Rússlandi	8.417	8.272
6-0810-3	Skrifstofur ráðherranefndarinnar í Eistlandi, Lettlandi og Litháen	9.815	9.666
6-0910-1	Pólítísk forgangsmál	2.096	2.083
6-0870-1	Samstarf á norðurskautssvæðum	8.255	8.338
6-0950-2	EHU/Hvíta-Rússland	3.268	0



**SAMSTARFSRÁÐHERRAR SAMTALS**

ÞÚSUNDIR DKK		Fjárlög 2008	Fjárlög 2007
		<b>169.313</b>	<b>108.371</b>
	<i>Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)</i>	<i>72.729</i>	<i>67.822</i>
5-0180-3	Skrifstofa ráðherranefndarinnar (NMRS)	72.729	67.822
	<i>Önnur samnorræn starfsemi</i>	<i>34.964</i>	<i>37.483</i>
5-0410-4	Samband Norrænu félaganna	1.411	1.400
5-0425-4	Framlag til Vestur-Norðurlanda	2.777	2.756
5-0435-1	Vararáðstöfunarsjóður framkvæmdastjóra	392	389
5-0445-1	Formennskusjóður	8.216	10.220
5-0460-1	Sjálfbær Norðurlönd	3.081	3.066
5-1011-1	Upplýsingastarfsemi	9.652	10.087
5-1021-1	Alþjóðleg starfsemi	684	882
5-1035-1	Stjórnvísinghindranir / Halló Norðurlönd	6.328	6.279
5-1050-2	Starfsmannaskipti	2.011	1.995
5-8030-1	Útgáfustarfsemi	412	409

**HNATTVÆÐINGARVERKEFNI**

<b>PÚSUNDIR DKK</b>		<b>Fjárlög 2008</b>	<b>Fjárlög 2007</b>
		<b>61.620</b>	<b>0</b>
5-2000-1	Hnattvæðingarsjóður	57.512	0
5-2020-1	Þing um viðbrögð vegna hnattvæðingar	4.108	0

**AÐLÖGUNARSJÓÐUR**

5-1000-1	Aðlögunarsjóður	0	3.066
----------	-----------------	---	-------



## Fjárveitingar til norrænna stofnana í gjaldmiðli hvers lands

Eftirfarandi er yfirlit yfir fjárveitingar til samnorrænna stofnana í dönskum krónum og í gjaldmiðli hvers lands.

Fjárveitingar til stofnananna eru greiddar út í gjaldmiðli þess lands sem stofnunin er í. Fjárveitingar til stofnananna eru framreiknaðar samkvæmt verðbólguþætti viðkomandi lands. Sjá fylgiskjal 1.



### FJÁRVEITINGAR TIL NORRÆNNA STOFNANA Í GJALDMIÐLI HVERS LANDS

Í ÞÚSUNDUM		Fjárlög 2008 DKK	Fjárlög 2008 Gjaldmiðli hvers lands
<b>Menningarmál</b>			
1-2228-3	NORDICOM	2.960	2.960 DKK
1-2259-3	„Kulturkontakt Nord“	5.085	682,5 EUR
1-2270-3	Norræna húsið í Reykjavík	8.057	100.718 ISK
1-2272-3	Norðurlandahúsið í Færeyjum	12.825	12.825 DKK
1-2274-3	Norræna stofnunin á Álandseyjum	2.758	370,2 EUR
1-2277-3	Norræna stofnunin á Grænlandi (NAPA)	5.985	5.985 DKK
1-2548-3	Norræna stofnunin í Finnlandi (NIFIN)	6.175	828,8 EUR
<b>Jafnréttismál</b>			
1-4480-3	Norræna rannsóknarstofan um kvenna- og kynjarannsóknir (NIKK)	4.966	5.457 NOK
<b>Menntun og rannsóknir</b>			
2-3100-3	NordForsk	100.896	110.875 NOK
<b>Vinumarkaðsmál</b>			
2-4180-3	Stofnunin um framhaldsmenntun á vinnumhverfissviði (NIVA)	3.296	442,4 EUR
<b>Atvinnu-, orku- og byggðamál</b>			
4-5180-3	Norræna nýsköpunarmiðstöðin (NICE)	69.528	76.404 NOK
4-6180-3	Nordregio	10.305	12.722 SEK
4-3220-3	Norrænar orkurannsóknir (NEF)	5.165	5.676 NOK
<b>Heilbrigðis- og félagsmál</b>			
4-4381-3	Norræni lýðheilsuháskólinn (NHV) *	34.476	42.563 SEK
4-4382-3	Norræna tannlækningastofnunin (NIOM)	9.426	10.358 NOK
4-4383-3	Norræna nefndin um áfengis- og vímuefnarannsóknir (NAD)	2.920	392,0 EUR
4-4384-3	Norræna samstarfsnefndin um málefni fatlaðra (NSH)	7.326	9.044 SEK
4-4385-3	Norræna menntamiðstöðin á sviði daufblindu (NUD)	7.257	7.257 DKK
4-4386-3	Norræn menntaáætlun fyrir félagslega þjónustu (NOPUS)	1.639	2.024 SEK
<b>Sjávarútvegur, landbúnaður, skógrækt og matvæli</b>			
3-6585-3	Norræn erfðaauðlindamiðstöð	14.371	17.742 SEK
<b>Samstarf við grannsvæðin</b>			
6-5280-3	Norræni verkefnaútlutningssjóðurinn (NOPEF)	19.387	2.602,3 EUR

\*) Ríkin fjármagna starfsemi Norræna lýðheilsuháskólans beint og því kemur upphæðin ekki fram í fjárlagamma Norrænu ráðherranefndarinnar.

# Þróun fjárlaga og lausafjárstöðu Norrænu ráðherranefndarinnar

## Þróun óráðstafaðs fjármagns á tímabilinu 2002–2006


Óráðstafað fjármagn er skilgreint sem fjármagn sem ekki hefur verið ákveðið að verja á tiltekinn hátt. Óráðstafað fjármagn kemur einungis fram á fjárlagaliðum sem varða verkefni og styrki en þeir eru samtals um það bil 55% af fjárlögum ráðherranefndarinnar fyrir árið 2008.

Frá árinu 2006 hefur markmiðið verið að ekki nema 3% fjármagnsins sé óráðstafað. Samkvæmt því nemur hámark óráðstafaðs fjármagn um það bil 14 millj. DKK. Myndin hér til hægri sýnir þróun óráðstafaðs fjármagns frá árinu 2002.

Á þessari mynd má sjá að óráðstafað fjármagn hefur hækkað frá árinu 2002. Þessi hækkun er meiri en sú aukning fjárlagarammans sem skýra má með verð- og gengisútreikningum. Það þýðir að óráðstafað fjármagn í árslok 2006 var hærra en markmið ráðherranefndarinnar um að ekki meira en 3% af verkefnafé og fjármagni til styrkja sé óráðstafað í árslok.

Þáttur í endurnýjun fjárlagaferlis hjá Norrænu ráðherranefndinni var ákvörðun samstarfsráðherranna um að frá og með fjárlögum fyrir árið 2007 yrði reglum um yfirfærslu fjármagns milli ára breytt.

Í stað núgildandi fyrningarreglu, en samkvæmt henni fyrnast fjárveitingar á þremur árum, kemur ný regla. Samkvæmt henni má að hámarki yfirfæra 20% af fjármagni tiltekens fjárlagaliðs til næsta árs og skal yfirfærslan að lágmarki nema 200.000 DKK.








## Þróun fjárlaganna á tímabilinu 1998–2008

Að raunvirði er aukning í útgjöldum ráðherrernefndarinnar á árinu 2008. Það er afleiðing þess að samstarfsráðherrarnir samþykktu að hækka fjárlagarammann til eins árs um 35 millj. DKK vegna hnattvæðingarverkefna. Ef horft er til væntanlegrar verðbólgu í löndunum á árinu 2008 má búast við að hún hafi áhrif til verulegrar hækkunar útgjalda miðað við verðlag viðkomandi árs. Á myndinni má þó sjá að ef árið 2008 er frátalið, að raunvirði fjárlaganna hefur verið nokkurn veginn óbreytt undanfarin 10 ár að undanskildu tímabilinu 2001-2005 en þá jókst starfsemin. Á árinu 2006 dró aftur úr starfseminni. Þessar breytingar ber að skoða í ljósi ákvörðunar um að auka starfsemina á þessu tímabili til að draga úr lausafjárstöðu ráðherrernefndarinnar. Með samþykkt fjárlaga fyrir árið 2006 var þessu hætt og þá dró úr starfseminni í raun á milli árunna 2005–2006.



ÞRÓUN FJÁRLAGANNA Á TÍMABILINU 1998–2008



## Þróun lausafjárstöðu

Á eftirfarandi línuríti má sjá þróun lausafjárstöðu frá árinu 2002 til októberloka 2007.


Þetta línurit sýnir mynstur sem er einkennandi fyrir lausafjárstöðu ráðherraefndarinnar. Mynstrið er afleiðing þess að greiðslur frá ráðherraefndinni dreifast tiltölulega jafnt yfir árið og að framlag landanna er innheimt tvisvar á ári, í upphafi árs (primo) og um mitt árið (medio). Það að greiðslur dreifast svo jafnt og að umfang starfseminnar hefur verið stöðugt á föstu verðlagi, sýnir að meðallausafjárstaða hefur verið nokkurn veginn stöðug á því tímabili sem línuritið nær til að árunum 2003 og 2004 undanteknum, en þá var staðan

lægri. Að mati landanna var lausafjárstaða ráðherraefndarinnar almennt of há og því var ákveðið að draga úr henni. Á tímabilinu 2001-2005 innheimti ráðherraefndin því á ári hverju upphæð sem var 10 millj. DKK lægri en eiginlegt framlag frá löndunum. Með samþykkt fjárlaga fyrir árið 2006 var þessu hætt.

Vegna ákvörðunar samstarfsráðherranna um að skerða grunnhöfuðstól ráðherraefndarinnar um 70 millj. DKK fyrir árið 2008 og ákvörðunar um að greiða fjárveitingar til stofnananna fjórum sinnum á ári en ekki tvisvar eins og áður var, er gert ráð fyrir að meðallausafjárstaða lækki frá og með árinu 2008.



ÞRÓUN LAUSAFJÁRSTÖÐU 2002–2007 (þús. DKK)





## Fylgiskjal 1



### GENGI GJALDMÍÐLA OG VERÐBÓLGUSTIG

100 EUR	=	745	DKK
100 ISK	=	8	DKK
100 NOK	=	91	DKK
100 SEK	=	81	DKK

Danmörk	2,5 %
Finnland	2,4 %
Ísland	3,3 %
Noregur	2,6 %
Svíþjóð	2,8 %

Reikningsstuðull vegna verkefna er 2,7 %.



norden

Norræna ráðherranefndin

Store Strandstræde 18  
DK-1255 København K  
[www.norden.org](http://www.norden.org)

ANP 2007:752  
ISBN 978-92-893-1587-6